

11. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

23. NÓVEMBER 2023, KL. 12:00-13:00 – EINGÖNGU TEAMS FUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Björg Helgadóttir, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 12:03

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

MHH fór yfir 10. fundargerð stjórnarfundar þann 17. nóvember 2023

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Starfsdagur stjórnar 6. – 7. október

Umræður um starfsdagstjórnar og áframhaldandi vinnu við þau mál sem þar voru rædd og samþykkt.

Lagt er til að taka u.þ.b. 30-60 mín. af fundartíma stjórnarfundar þann 4. desember í fókusvinnu og hafa starfsdag stjórnar 8. janúar frá kl. 11:15-17:00.

Afgreiðsla: Samþykkt

3. Kröfugerðir FÍN

MHH kynnti. Engir samningsaðilar eru tilbúnir í kjaraviðræður þó verkáætlun hafi gert ráð fyrir upphaf viðræðna þann 15. nóvember sl. Hugmyndir hafa verið uppi um eins konar „þjóðarsátt“ og stéttarfélögin hvött til að ígrunda hvað þau vildu sjá í slíkri sátt. Engin félög hafa lýst yfir samfloti og allir vilja halda vinnunni hjá sér.

Kröfugerð gagnvart ríkinu hefur tekið lítilsháttar breytingum í kjölfar fundar með trúnaðarmönnum. Vinna þarf betur í kröfugerð FÍN gagnvart SA.

FÍN er búð að fá upplýsingar um næstu skref í jöfnun launa á opinbera markaðinum sem felast í því að starfsaldurshækkanir í stofnanasamningum fari inn í grunnlaun og hækki þau þannig.

Umræður.

Lagt er til að stjórn FÍN samþykki fyrirbyggjandi kröfugerðir við sveitarfélög, ríki og Reykjavíkurborg.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Húsnæðismál

Skrifstofa FÍN er flutt til bráðabirgða á aðra hæð Borgartúns 27 en vinna er hafin við að „teikna“ skrifstofuna inn á þriðju hæðina. Miðað er við að FÍN komi til með að leigja 70m² rými á þriðju hæðinni fyrir sína starfsemi og mun kostnaðarmat miða við það.

Nokkur félög eru að hugsa um að kaupa húsnæði fyrir starfsemi sína og mun MHH fylgjast með því sem fram vindur. Óljóst er hvað verður um húsnæðið í Borgartúni 6, en líklegast er að ráðist verði í lagfæringar á 4. hæðinni og síðan verði húsnæðið selt.

Umræður.

5. Verklagsreglur FÍN

MHH kynnti verklagsreglu í tengslum við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga sem framkvæmdastjórn hefur samþykkt. Stjórn hvött til að kynna sér innihald verklagsreglunnar.

6. Önnur mál

- i. Jólafundur og starfsdagur stjórnar - 4 desember 2023 kl. 11:15-17:00 - Aðeins staðfundur

Afgreiðsla: Samþykkt að jólafundur stjórnar þann 4. desember 2023 verði frá kl. 11:15-13:00. Fundurinn verður staðfundur en hlekkur á Teams mun fylgja fundarboði fyrir þá sem geta ekki mætt á staðinn.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:02